

REGLUGERÐ**88**

17. ágúst

um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Vopnafirði í Norður-Múlasýslu.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevaad) til fiskveiða í landhelgi fyrir innan línu frá Vindfelli í Kolbeinstangasporð, og innan línu úr Kolbeinstangasporði í Fuglabjarganesodda, á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember ár hvert. Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgigæzlu ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. október 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

SAMÞYKKT**89**

26. ágúst

um forkaupsrétt Akureyrarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt.

Akureyrarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á svonefndri Höepfnerseign syðst á Oddeyrartanga í Akureyrarkaupstað, lóðum að stærð um 8500 ferm., ásamt réttindum til sjávar, bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem á lóðinni eru.